

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Ólafsfirði.

1. gr.

Gjald fyrir hundahald á árinu 1985 skal vera kr. 1 500,00 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. staflíð b í samþykkt nr. 349/1977, um hundahald í Ólafsfirði.

2. gr.

Handsömunargjald samkv. 2. gr. samþykktar nr. 349/1977 skal vera kr. 1 500,00.

3. gr.

Ofangreind ákvörðun bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1985.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að tvístefnuakstur verði á Hafnarstræti milli Austurbrúar og Hafnarstrætis nr. 77.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Bæjarfógetinn á Akureyri, 17. apríl 1985.*

**Eliás I. Eliasson.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Gullinbrú veri aðalbraut.
2. Umferð um Þorfinnsgötu víki fyrir umferð um Eiríkisgötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. maí n. k.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 24. apríl 1985.*

**Sigurjón Sigurðsson.**